

HAMLET BOÐAR ANARKISMA

Leikfélag Reykjavíkur: Hemmi eftir Véstein Lúðvíksson. Leikstjóri María Kristjánsdóttir. Leikmynd og búningar Magnús Pálsson. Leikhljóð Sigurður Rúnar Jónsson. Lýsing Daniel Villiamsson. Leikendur Harald G. Haraldsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Sigríður Hagalín, Kjartan Ragnarsson, Pétur Einarsson, Aðalsteinn Bergdal, Guðrún Asmundsdóttir, Kristín Bjarnadóttir.



Leiklist
eftir Gunnlaug Ástgeirsson

Ellisabet Þórisdóttir, Ólöf María Jóhannsdóttir, Jón Gunnar Þorsteinsson, Hjalti Rögnvaldsson, Hanna María Karlsdóttir, Soffía Jakobsd., Aðalheiður Jóhannsd., Sigurður Karlsson, Jón Hjartarson, Karl Guðmundsson. A yfirborðinu fjallar þetta leikrit um ungan mann sem kemur heim í sjávarplássib Skipavík frá útlöndum þar sem hann er við nám. Hann flækist

inn í vinnudeilu sem leiðir hann til þess að fara að grufu í fortíðinni. Reynist að vonum margt rotib í ríki Dan... afsakið, Skipavík. Hemmi er sonur verkalyðsforingjans mikla og glæsta sem hengdi sig í kreppunni, en er nú stjúpsonur aðalgrósserans á staðnum. Þar með höfum við mótfvið úr Hamlet, drenginn sem grunar að móðir hans hafi gengið að eiga föðurmorðingja hans og leit

hans miðar að því að komast að hinu sanna. Og sannleikurinn kemur í ljós. Grunurinn er réttur en um leið þolir goðsögnin um hinn glæsta föður illa sannleikans ljós. Hemmi ætlar að nota sannleikann til að kollvarpa veldi grósserans, stjupa sins en alþýða leiksins þolir ekki að heyra allan sannleikann, sannleikann um sína eigin fortíð og í lokin stendur Hemmi einn og yfirgefinn, en með sann-

leikann í höndunum. Undir niðri eru það sem sagt stéttaátök sem leikritið fjallar um og það fólk sem verður á milli í þeim átökum.

Það eru engar nýjar fréttir að valdsmenn og grósserar séu hin verstu fól og neyti allra bragða til að halda sínum hlut. Og þó að atvik leiksins séu stundum býsna ævintýrleg þá er stuðst við atburði sem raunverulega gerðust jafnvel í nákvæmum efnisatriðum.

Hitt er nýrra í okkar bókmenntum (þ.m.t. leikrit) að hinni stritandi, bjartsýnu og baráttuglöðu alþýðu sé lýst sem ábyrgðarlausum tækifærisinnnum sem á sér þann sannleika sem best hentar hverju sinni. Og foringjarnir eru jafnvel sýnu verri. Goðsögnin um glæsta fortíð verkalyðsbaráttunnar er afhjúpuð og hafnað foringjavelðinu sem hreyfingin byggir á. Bóðskapurinn er í rauninni anarkistiskur, verkalyðurinn verður að stjórna sér sjálfur án „foringjanna“ hvernig sem það yrði nú í framkvæmd.

Það er margt sem tekið er fyrir í þessu leikriti og það verður helsti galli þess. Ekki endilega það í sjálfu sér, heldur að þessir efnispættir ná ekki almennilega saman og niður-



Harald í hlutverki Hemma: Ekki fullunnið verk en vel skilað í sýningunni, segir Gunnlaugur m.a. í umsögn sinni.

staðan verður sú að leikfléttan er ofhlaðin. T.d. verður ástarmálaþátturinn hálf utangátta, fléttast aldrei almennilega saman við aðra efnispætti. Svo er um fleira. Hér held ég að liggi að baki að leikritið er alls ekki fullunnið frá hendi höfundar. Hversu gott og blessað sem það nú er að höfundur vinni verk sitt í leikhúsinu, þá held ég að nauðsynlegt sé að höfundur telji sig hafa lokið verkinu þegar æfingar hefjast, þó gera megi lagfæringar á æfingatíma, þ.e.a.s. ef ekki er ótakmarkaður tími til umræða.

Sviðsetning leikritsins finnst mér mjög góð. Leikstjórinn fer bá leið að stílfæra þetta raunsæislega efni mjög mikið í leiknum og byggir mikið á samspili hópa og einstaklinga. Leikbúnaður er nánast enginn, hallandi svið innan þriggja ramma úr járn. Á þessu sviði tekst leikhópnum oft að skapa líf og andrúmsloft sem maður hrifst með. Leiktextinn er oft upphafinn og myndrænn og skilubu flestir leikarar honum býsna vel, en hinsvegar urðu þeir stundum hálf vandrabalegir þegar orðræður urðu einum af þrédikunarkenndar. Slíkt kom fulloft fyrir og skrifast á framangreindan reikning höfundar. Í heild fannst mér leikhópurinn skila vel því verki sem lagt var upp í hendurnar á honum.

Leikhljóð Sigurðar Rúnars voru skemmtilegt krydd með þessari sérstæðu sýningu.

Það er full ástæða til að hvetja fólk til að sjá þetta leikrit. Í fyrsta lagi vegna þess að öll ný íslensk leikrit eru í eðli sínu forvitnileg. Í öðru lagi vegna þess að hér er á ferðinni nýstárleg og skemmtileg uppsetning. Og í þriðja lagi vegna þess að hér er tekið fyrir efni sem fyllilega er umræðu vert og kemur okkur við, þó mörgum veitist kannski erfitt að horfast í augu við mannlfsmýnd verksins og óttist að hugsa til enda þá hugsun sem hafin er í verkinu.

Flókin og glitrandi vefur

síðasta leikrit Jökuls Jakobssonar fært á fjalir Litla sviðsins

„Þetta leikrit er skilgetið af sprengi síns höfundar og ber ótvíræð einkenni hans,” sagði Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri, þegar Helgarpósturinn ræddi við hann um verkefni, sem verður fært upp á Litla sviðinu í byrjun næsta mánaðar.

Hér er á ferðinni síðasta leikrit Jökuls Jakobssonar, sem ber heitið í öruggri borg. Jökull hafði lokið við handritið áður en hann dó, en venjulega vann hann þó að því að betrubæta leikrit sín fram af fyrstu sýningu, svo eflaust hefði endanleg gerð þessa verks getað orðið að einhverju leyti önnur. Fram til síðasta dags vann hann að endurbótum. Síðasti hlutinn barst Sveini Einarssyni eftir lát hans.

Nafn leikritsins er tilvitnun í Davíðssálma. Það er „kammerleikrit”, eins og Sveinn orðar það, og í því veltir Jökull fyrir sér framtíð mannkyns. Leikurinn gæti rétt eins gerst í húsi í Reykjavík. Persónurnar eru tvenn hjón og maður sem kemur frá Austurlöndum, þar sem hann hefur sennilega starfað á vegum einhverrar þróunarstofnunar. Í venjulegri íslensku stofu mætast

þessir tveir heimar í þrem þáttum.

Sveinn leikstjórinn verkinu og lét hann mjög vel af því.

„Það vekur mikinn áhuga hjá mér,” sagði hann. „Leikritið er fyndið, eins og Jökuls er von og vísa, aðgengilegt og skemmtilegt en jafnframt er flókin og glitrandi í því vefurinn.”

Ekki fékkst Sveinn til að upplýsa mikið um efni leikritsins. Í því kvað hann margt koma á óvart og því vildi hann ekki eyðileggja neitt fyrir áhorfendur.

„Jökull gerir mikla úttekt þarna á sinni samtíð. Hann er kannski ómyrkari í máli um sínar skoðanir en oft áður, en þetta er framhald þeirra tema, sem eru í fyrri leikritum hans. Hér streyma hugmyndirnar að ósi. Leikurinn skilur eftir mjög margar spurningar, en þó er ákveðin niðurstaða í verkinu.”

Jökull hafði þann sið að vinna með leikstjóra og leikara að uppsetningu leikrita sinna. Ábyrgð leikstjórans er því kannski óvenju mikil núna. Þeir Sveinn höfðu þó náð að ræða saman um verkið, enda löngu ákveðið að Sveinn leikstjóri þvi.

tímanum, enda eru bækurnar undirritaðar Studies in the art of the Renaissance I-II.

Bækurnar eru samansafn greina sem Gombrich hefur tekið saman um aðskiljanleg efni, tengd listum og menningu á ítölu. Í fyrri bókinni er farið í sögulegan bakgrunn og félagsveruleika þann sem stjórnað listsköpuninni á tímum Mediceanna í Flórens og tekin dæmi um framvindu listsköpunartækni og formbreytinga. Í seinni bókinni fjallar Gombrich um þrengra svið iconologiunnar.

Allt er þetta ritað í þeim rjómastil sem einkennir enska sagnfræðiritun, án þess að efninu séu gerð yfirborðleg skil. Hér nýtur Gombrich þeirra gagna og heimilda sem Warburg og Courtauld listastofnanirnar eiga í svo ríkum mæli. Það er gaman að fylgjast með hvernig hann gengur í berhögð við víðurkenndar skoðanir um margvísleg efni. Gombrich dregur t.d. upp mjög

glögga mynd af samskiptum Medici-féðganna við listamenn og varpar þar nýju ljósi á ýmsa hluti. Honum tekst mjög vel að komast hjá því hallelúja, sem umlukið hefur þessa merku ætt og afskipti, hennar af menningu samtímans. Án þess að leggja einhvern nútímadóm á gerðir þessara „listverndara”, varpar Gombrich hulunni af þeim guðdómi sem menn hafa byggt kringum Medici-ættina, allt frá dögum Vasaris. Í einum stysta kafla bókarinnar fjallar Gombrich um kenningar Leonardos varðandi teikningu og sýnir að þær hafa ekki verið meðteknar af samtímanum átakalaust.

Það er mikill fengur að slíkum bókum sem verk Gombrich eru. Hann er þó aðeins einn af fjölda annarra, sem rita um listfræðileg efni og vonandi fer þessi litli vísir að framboði, vaxandi í bókabúðum landsins, þannig að sem flestir listunndur geti fylgst með framförum í þessum fræðum.



Frá æfingu á leikriti Jökuls Jakobssonar: í öruggri borg. Með hlutverk leiksins fara Þorsteinn Gunnarsson, Helga Bachmann, Briet Héðinsdóttir og Bessi Bjarnason.

„Það er svo með verk, sem eru eins ríkuleg í sínum kjarna og þetta, að á þeim eru ýmsar túlkunarleiðir,” sagði Sveinn. „Við erum að tala okkur saman um leiðina, leikararnir og ég. Verkið hefur tendrað umræðugleði mikla.”

Þótt persónur leiksins séu í raun 5 fengum við aðeins uppgefin öfn fjögurra leikara, án skýringa. Þeir eru Þorsteinn Gunn-

arsson, Helga Bachmann, Briet Héðinsdóttir og Bessi Bjarnason. Baltasar er höfundur leikmyndarinnar og í þetta sinn, eins og oftast áður á Litla sviðinu, eru farnar nýjar leiðir í því efni. Það er markmið þjóðleikhússins að á Litla sviðinu sé engin sýning annarri lík hvað umgerð snertir. Áhorfandinn á að koma að einhverju nýju í hvert sinn.


—SJ.

AÐSEND LIST

Tvær merkilegar listsýningar verða opnaðar laugardaginn 12. apríl. Þær eiga það auk þess sam-eiginlegt að koma frá frændum okkar austanhafs.

Á Kjarvalsstöðum verður sýning á norrænni vefjalist. Þessi sýning er farandsýning, sem haldin er þriðja hvert ár um öll Norðurlöndin. Þessi sýning lýkur ferli sínum hér, en hún var fyrst opnuð í Gautaborg 20. júní 1979. Hingað kemur hún frá Þórshöfn.

Í Norræna húsinu verða sýnd



Skjaldarmerki heitir þessi myndvefnaður Asgerður Búadóttir. Verkið er á sýningunni að Kjarvalsstöðum.



„Hulda skáldkona” eftir Hildi Hákonardóttur.

Myndlist í vitavörslu

Grimur Steindórsson opnaði á skírdag sýningu í FÍM-salnum við Laugarnesveg. Hann sýnir þar olumálverk, vatnsbltamyndir og skúlptúra, alls milli 60 og 70 verk. Grimur stundaði myndlistarnám hjá Kjartani Guðjónssyni og Asmundi Sveinssyni á árunum '50-'52 og síðar naut hann tilsagnar Péturs Friðriks og Veturlíða Gunnarssonar.

Hann er lærður járnsmiður en hefur unnið að ýmsum störfum til sjós og lands. Meðal annars hefur hann verið vitavörður á Galtarvita og Hornbjargsvita.

„Í vitavörslunni gefst góður tími til að vinna að myndlist,” sagði hann. „Að öðru leyti hef ég ekki haft aðstöðu til að sinna þessu nema í fristund. Það þarf að skaffa fjölskyldunni viðurværi.”

—SJ.

LAUGARASBÍÓ

Símsvari sími 32075.

Meira Graffiti
Partívið er búið

Whatever became of the carefree, crazy kids you met in American Graffiti?



Ný bandarísk gamanmynd. Hvað varð um frjálslegu og fjöregu táningana sem við hittum í AMERICAN GRAFFITI? Það fáum við að sjá í þessari bráðfjörugu mynd. Aðalhlutverk: Paul LeMat, Cindy Williams, Candy Clark, ANNA BJÖRNSDÓTTIR og fleiri. Sýnd kl. 5, 7.30 og 10. Laugardag og sunnudag kl. 2.30, 5, 7.30 og 10. Bönnuð börnum innan 12 ára.